

128. fundur stjórnar Spítalans okkar.

Haldinn 28. janúar 2026 á fjarfundi.

Mættir voru úr stjórn Spítalans okkar: Þorkell Sigurlaugsson formaður, Gunnlaug Ottesen, Ingibjörg Guðmundsdóttir, Berglind Magnúsdóttir (hluta fundarins) og Þorkell Sigurlaugsson sem ritaði fundargerð

1. Málþing í mars.

Rætt áfram um heiti málþings í mars sem verður einhvern dagana 24 eða 25.3.26 kl. 15.30-17.30. Ákveða á allra næstu dögum hvaða dagsetning passar best. Það sem við höfum komist næst er málþing sem er með þessu heiti og tveimur málaflokkum.

Heiti málþings: Framtíðin er stafræn- Hvernig styrkir tækni nýjan Landspítala og heilbrigðiskerfið.

- Kynnt verður annars vegar hvernig **starfrænir þættir (og heilsa) og önnur heilbrigðistækni** mun breyta umtalsvert þróun heilbrigðiskerfisins þar með Landspítala á næstu árum. Sigurður Þórarinsson forstöðumaður stafrænnar heilsu hjá heilbrigðisráðuneytinu og einhver einn í viðbót frá Landspítala sá sem sér um innleiðslu nýrrar tækni hjá Landspítala.
- Einnig verður fjallað um **þróun verkefna næstu árin og áratuginna hjá Landspítala og annarri tengdri spítalabjónustu**. Ólafur Birgisson frá Nýja Landspítala (NLSH) og Ásgeir Margeirsson formaður stýrihóps um framtíð húsnæðis Landspítala. Þar verða mörg verkefni framundan og verða nokkur þeirra kynnt.

2. Stefnt að aðalfundi 15. apríl í Hringisal Landspítala og jafnvel skoðunarferð um meðferðarkjarna á undan.

3. Önnur mál.

- Þorkell ræði við Áslaugu um uppgjörið o.fl.
- Setja fleiri gögn inn á heimasíðu og facebook síðu.

Fundi slitið kl. 18:00.